

Íslenskt frelsi.

Grundvallaratriði frjálslyndrar stefnuskrár
í íslenskum stjórnámum.

Eftir

Sig. Ein. Hlíðar og Vernharð Þorsteinsson.



Akureyri
Prentsmiðja Odds Björnssonar
1922

Frá þeim tíma, sem Íslandi var selt í hendur fult pólitískt vald, má óhætt segja, að tala þeirra manna hafi farið stöðugt vaxandi, sem með undrun hafa spurt í hvaða skyni hin harða pólitíska barátta hafi verið háð, sem að lokum leiddi til þess, að Ísland á lögformlegan hátt var viðurkennt sem sjálfstætt ríki, svo ekki var ástæða til að ætla, að erlent vald mundi blanda sjer inn í starfsemi hinnar íslensku þjóðar í áttina til frelsis og sjálfstæðis.

Reyndar munu þeir menn margir, sem hafa reynt að skýra sjer hina bersýnilegu hnignun, sem lýsir sjer á svo margan hátt í þjóðlífi voru og sjerstaklega í pólitísku lífi þjóðarinnar með tilliti til hinna skelfilegu afleiðinga, sem heimsstyrjöldin hefir haft í för með sjer fyrir heim allan, en engu að síður er það tvent, sem er óhrekjanlegt: Fyrst það, að ef valdhafar landsins hefðu verið störfum sínum vaxnir og kunnað að hafa gát á því sem fram fór, þurfti hin mikla fjárhagslega og siðferðislega hnignun, sem stríðið hafði í för með sjer, engan veginn að koma svo þungt niður á landsmönnum sem raun hefir á orðið. Svo er það hitt, sem ekki síður er mikils um vert, að hver sá, sem athugar ástandið í landinn með opnum augum og hiklausri sannfæringu á því, að oss sje fyrir bestu að gera okkur grein fyrir málum vorum *eins og þau í rauninni eru*, getur alls eigi fundið fullnægjandi skýringu á rótum þeirra meinsemda, sem þjá þjóðijelag vort í afleiðingum heimsstyrjaldarinnar. Það er sárt fyrir hvern góðan Íslending að verða að komast að þeirri niðurstöðu, að bak við hina háværu frelsisbaráttu vora, sem svo lengi var háð og sem loksins lauk fyrir örfáum árum síðan, hafi, svo ekki sje of sterkt í árina tekið, á engan hátt lifað jafn sterk og ljós hugmynd um það

að hverju frelsistakmarki vjer Íslendingar ætluðum að stefna, þegar vjer loksins værum búnir að velta hinu erlenda fargi af brjósti voru, og værum orðnir »óháðir Dönum«. Oft virðist manni svo sem hinir háværú kennimenn okkar hafi hugsað svo barnalega, að með því að ná takmarkinu: »að verða óháðir Dönum« væru Íslendingar *eo ipso* orðin frjáls þjóð. Það er óþarfi að orðlengja það, að svo er ekki, og ef nokkurrar sönnunar þyrfti við, þá þarf ekki annað en að benda á hina frámunanlegu vanhirðu og vanrækslu á öllu því, er snertir íslensk stjórnsmál og sem á mörgum sviðum gengur spillingu næst, sem vjer höfum horft upp á, á síðustu árum.

Vjer Íslendingar höfum skapað oss *heimastjórn*, sem á ótrúlega stuttum tíma eftir einhverjum guðdómlegum lögsmálum framþróunarinnar hefir þroskast svo, að úr henni er orðið skrifstofubákn, þar sem við eru hafðar ótrúlegar aðferðir skrifinsku og málalenginga. Vjer höfum aflað okkur *þingstjórnar*, sem með ári hverju vekur meiri og meiri eftirtekt um land allt, vegna hnignandi þekkingar þingmanna á málum þeim, sem þeim eru falin til meðferðar, og vegna — maður freistast til að segja — þeirrar lægni, sem fulltrúar þjóðarinnar hafa á að láta ýmsa *aðra hluti* verða ákvarðandi um málalok og jafnvel um það, *hver mál* skuli fram borin í þingsölunum, heldur en nauðsyn þeirra og þýðingu fyrir þjóðfélagið. Þar er nú svo komið, að mörgum virðist sem tilviljun ein hafi leitt þessa menn saman á þjóðþing Íslendinga, til þess að óta þar flokkasverðum hver að öðrum, og fæsta mundi gruna það, sem ókunnugir eru, að þar væri saman komið mannval hinnar íslensku þjóðar, þeirrar þjóðar, sem að eins fyrir fáum árum síðan aflaði sjer rjettar til að skapa frelsi sitt án þess að þurfa að óttast íhlutun erlends valds. — Hvergi kemur það skírara í ljós en í þingstörfum fulltrúa þjóðarinnar, hve litla grein þjóðin sjálf hefir gert sjer fyrir því, hvers dýrgrips henni var fengið í hendur að gæta, þegar hún fjekk viðurkenningu á sjálfstæði landsins og hvílíka ábyrgð hún tók sjer á

herðar með því. Það rís hjer upp gömul afturganga, sem kynslóðirnar svo oft hafa mætt á leið sinni. Það frelsi, sem þjóðirnar kaupa dýrast, þess frelsis er einnig best gætt. En þar sem það aftur á móti er *of auðfengið*, verður hættan því meiri á að dýrgripsins sje gætt með ljettúð og ógætni. Gerum ráð fyrir, að aðrar þjóðir, sem eiga við betri kjör að búa og hafa meiri mannsöfnuði á að skipa, geti reist rönd við slíkri hnignun á frelsisvilja þjóðfélagsborgaranna, okkur Íslendingum hlýtur það aftur á móti að verða hin mesta forátta, því vjer höfum hvorki næga krafta í þjóðlíkama vorum, nje getum vænst nokkurrar þeirrar aðstoðar utan að frá, sem geti reist okkur við aftur, þegar í óefni er komið. Ef vjer viljum halda fram rjetti okkar til frelsis, þá megum vjer aldrei gleyma því, að þessi rjettur felst í *mannkostum* vor sjálfra, en ekki í mergðinni. En dáð og mannkostir eru vottar frelsisins.

Hvar ættum vjer frekar að mæta þessum unga og dáðríka vilja til frelsisins, en einmitt meðal fulltrúa íslensku þjóðarinnar? Höfum vjer yfirleitt ástæðu til að álíta, að þeir flokkar, sem nú skipa æðra bekk í þjóðþingi voru, geri sjer grein fyrir, hverjar leiðir eru færastar og bestar til þess að leiða þjóðina fram til frelsis? Höfum vjer í raun og veru nokkra ástæðu til að halda, að mennirnir hafi gert sjer alvarlega grein fyrir þessari þungamiðju stjórnsmálanna? Það er mikil ástæða til að halda, að svo sje ekki, og það er jafnvel hægt að segja, að vissa sje fyrir því, að þeim flokkum, sem nú eru ráðandi í landinu, sje slíkt ekkert alvörumál, annars hefðu þeir einmitt á þeim tíma, þegar mest reið á og best tækifæri var til að ná tökum á vilja þjóðarinnar: þegar sjáltsæði vort var viðurkent — tekið sjer fyrir hendur að endurskoða hinar gömlu skrælpurru stefnuskrár sínar og leggja fram fyrir þjóðina nýjar, skírar stefnur, sem sýndu það ljóslega, hve hreinn og einbeittur vilji, hve sterk og öflug hugsun og forsjálni ríkti á meðal löggjafa þjóðarinnar. Þetta starf ljetu þeir óunnið og hafa vanrækt það allt til þessa dags; en hitt höfum vjer sjeð, að virðing þjóðar-

innar fyrir þjóðþingi voru hefir farið óðum þverrandi, svo að jafnvel er um það talað sem einskonar kauphöll, þar sem alt gangi kaupum og sölu og þar sem óviðkomandi menn og stofnanir ráði um úrslit mikilsverðra mála. —

Ekki virðist taka betra við, þegar litið er á *þjóðstjórn* lands vors. Vjer veittum oss einnig það vald, að þjóðin skyldi sjálf úrskurða og ákvarða um sín málefni, þá áttum vjer bæði menn og málgögn, sem börðust fyrir því með odd og egg, bæði með góðum og röngum rökum, að þjóðinni væri veitt þetta vald; en ekki hafði hún fyr fengið það, en fótunum var kipt undan sjálfsákvörðunarmöguleikum hennar og þeir fengnir í hendur þröngsýnum og eigingjörnum »klikum«. Baráttan um völdin með öllum þeim ófögnuði og blekkingum sem henni fylgja, byrjaði nú fyrst fyrir alvöru.

Áður gerðum vjer okkur nokkurt far um að eiga blöð, sem fræddu almenning um menn og málefni. Nú má leita langt til þess að finna jafnoka íslenskrar blaðamensku. Alt er þar svo sem tilviljunin og seið klikuforkólfanna ráði þar mestu. Um fastar stefnur og skíran vilja í stjórn-málaskoðunum blaðanna verður nú tæplega rætt, alt er þar á reiki, ekkert bendir á, að nokkursstaðar sje föst hönd og skír hugsun, sem ráði umræðum um landsmál eða bendi þjóðinni á þýðingu þeirra og rannsaki gildi þeirra. Mikið veður er gert út af tiltölulega þýðingarlausum málefnum, stór og mikilsverð mál eru annaðhvort lítið rædd eða rædd með svo rangsnúnum forsendum, eða svo áberandi þekkingarskort, eins og meðal annars fjármál vor, að landslýður fær alls ekki áttað sig á, hverja afstöðu hann eigi að taka til málanna. Um önnur mál og þau ekki þýðingarminst, er alveg þagað. Í stuttu máli: Þjóðinni er gert svo erfitt fyrir sem frekast má vera, að átta sig á landsmálum eftir blöðunum og misbrúkunin kemst jafnvel svo langt, að fyrirtæki sem í eðli sínu hafa algerlega fjárhagsleg markmið, gera blöð að verslunarvöru og selja þau sem aðra gangvöru. Það gefur að skilja, að um frjálsar skoðanir landsmanna á opinberum

málum getur ekki verið að ræða með svofeldu móti. Hvað er þá orðið um sjálfsákvörðun þjóðarinnar? Völdin eru nú sem fyr í höndum einstakra manna. Áður voru þau það opinberlega. Nú eru þúsund blæjur breiddar yfir forsprakkana og þjóðin er fávísari um hin þýðingarmestu mál sín en nokkru sinni fyr. Er von að vei fari, þegar svo er komið? Má vera, að þeir, sem hafa völd með höndum á Íslandi, sjeu góðum vilja gæddir, en það er jafnframt víst, að þeim farast verk sín svo óhönduglega, að mikil ástæða er til að gruna þá um græsku og öll ástæða er til að taka alvarlega í taumana og sýna fram á, að þeir sjeu lítt starfi sínu vaxnir.

Það er víst, að tími er kominn til, að vjer aftur förum að hafa gát á málum vorum og gera okkur grein fyrir, hvert vjer stefnum. Svo aumleg afdrif á íslenska þjóðin, sem í eðli sínu er starfsöm og dugandi, ekki skilið að verða ósjálfstæð og efnalega öðrum háð, vegna fyrirhyggjuleysis, stjórnleysis og vankunnáttu þeirra manna, sem falin hefir verið á hendur meðferð velferðarmála hennar. Þó að það ef til vill kunni að þykja djúpt tekið í árina, þá viljum vjer þó halda því fram, að ef íslenska þjóðin kynni að sníða sjer stakk eftir vexti og ef hún hefði útsjón til þess að hagnýta sjer auðsuppsprettur landsins, þá ætti þeim manniöldu, sem byggja þetta land, að geta líðið svo vel sem aðeins fáar þjóðir eiga nú kost á. Það er satt, að til þess að koma málum vorum í það horf, þyrfti að vinna mikið starf og þeir sem það ynnu, yrðu að vera gæddir þeirri skygni, sem einkennir alla verulega stóra stjórnmalamenn: Að geta gert sjer grein fyrir öllum einkennum í hinni margbrotnu starfsemi þjóðarinnar, að geta sjeð nákvæmlega, hvar gallarnir og veiturnar eru, að geta sjeð, hvar farnar eru rangar leiðir, hverjar leiðir sjeu rjettar og hvernig strauma þá, sem myndast af starfskröftum þjóðarinnar, megí leiða inn á rjettar brautir. Til þess þarf ekki einungis nákvæma þekkingu á þjóðfjelagi voru, heldur og líka sem nákvæmasta þekkingu á erlendum þjóðfjelögum, þar sem hlíðstæð starfsemi stöðugt á sjer stað, aðeins svo miklu

margbrotnari og ógagnsærri heldur en á sjer stað hjá okkur. Það er einkennilegt, að þeir, sem með stjórn mál hafa farið í landi voru undanfarið, þeir virðast aldrei hafa gert sjer grein fyrir því, að einmitt þetta hlutfallslega gagnsæi, sem einkennir þjóðarstarfsemi vora, er í rauninni sá mesti styrkur, sem íslenska þjóðin á og gerir stjórn málamönnunum svo margfalt hægra að rata rjettar leiðir, en á sjer stað með erlendum þjóðum.

Land vort er víðáttumikið. Það gerir það erfitt, en gefur líka pláss og olnbogarúm. Íslendingar eiga þetta sævigirta land. Þeir eiga þar sína sögu og sínar bókmentir. Þeir geta litið yfir framþróunar- og afturfarar tímabil í þessari sögu. Þeir hafa sína gullöld og sína endurreisn. Þeir eiga tungu, sem hægt er að gera miklu fegurri og fágæðri en hún nú er. Þeir hafa frá fornum tíma þjóðfjelagsskipulag sitt, sem smámsaman hefir lagað sig eftir landsháttum og þörfum. Þeir ráða að mestu leyti yfir auðsuppsprettum landsins og geta fært sjer þær í nyt. Þeir eiga möguleika til þess, ef með viti og varúð er farið, að hagnýta sjer menningu annara þjóða andlega og verklega og auðgað með því sitt eigið þjóðlíf og gert landið byggilegra.

Ef til vill má segja, að vjer sjeum *Mikrokosmos* (smáheild), en vjer getum aftur á móti svarað því, að vjer sjeum þó *Kosmos* (heild), sem hafi alla möguleika til þess að byggja líf vort upp til frelsis, þess takmarks, sem er hið stöðuga markmið kynslóðanna. Í þessu felst hugtakið „þjóð“.

Ef stjórn málamenn vorir hefðu gert sjer ljósari grein fyrir þessari hlið starfsemi sinnar og látið sjer minna ant um, hvaða flokkur, sem í það og það skiftið þóttist hafa tekið allan sannleikann á leigu, kæmist að völdum, ef þeir í stað þess hefðu hugsað rjett rök, hefðu viljað rjettar leiðir og hefðu framkvæmt rjett mál, þá mundi stjórnaritari í landi voru ekki vera svo illa háttáð, sem raun er á. En nú er það svo, að hver hýmir yfir sínu og um samtök getur aðeins verið að ræða, þegar per-

sónuleg áhugamál einstaklinganna falla að meiru eða minna leyti saman.

Nú munu menn sjálfsagt segja, að vel geti verið að þetta sje rjett, en að sú leiðin muni svo miklu vandfarnari heldur en þetta búskaparbasl, sem vjer eigum í, að hún sje ofætlun ein. Þetta er þó engan veginn rjett. Auðvitað þarf mannskap til þess að búa vel, og það þarf oft og einatt sjálfsafneitun til þess að koma upp góðu búi. Sá, sem tekur við niðurniddri jörð, verður auðvitað að gera sjer grein fyrir, hvar hann stendur; en »viljinn dregur hált hlass« og dugnaður og þekking, fyrirhyggja og framtakssemi draga það skeiðið á enda.

Ef menn játa það, að hið verulega takmark í baráttu vorri sje það að skapa að einhverju leyti betri kjör fyrir hina komandi kynslóð en þau, sem hin starfandi kynslóð á við að búa, þá játa menn um leið með því, að frelsið sje ekki einskonar vegabréf sem hverjum einstökum sje fengið í hendur, til þess að hann megi lifa og láta eins og hann vilji, heldur sje það algerlega mót- að af vilja þjóðfjelasins til framþróunar. Þjóðarfrelsið verður þá því aðeins skapað, að frelsisvilji einstaklingsins gangi í þessa átt og án þessa frelsisvilja verður engu áorkað í stjórn málum þjóðarinnar. Sje nú svo, að menn víðurkenni þenna framþróunarvilja sem hið verulegasta atriði í þjóðarfrelsinu, þá verður það fullljóst, að engin framþróun næst, nema með því móti, að mennirnir stöðugt meir og meir nái tökum á og fái vald yfir náttúruöflum landsins og þeim gæðum, sem því fylgja. Því verður ekki náð án þekkingar og kunnáttu, en hafi maður hvorttveggja, einbeittan vilja og nauðsynlega þekkingu, þá er þegar miklu náð. Oss Íslendinga hefir því miður hingað til skort tilfinnanlega hvorttveggja og vjer höfum haft nægileg tækifæri til þess að komast að raun um, að með góðum gáfum og góðu upplagi útaf fyrir sig kemst maður harla skamt.

Þegar oss var fengið sjálfstæði vort í hendur, þá áttum vjer auðvitað að hafa hvorttveggja á reiðum höndum, þjóðfrelsisviljann og þekkinguna. Jáfnvel á því sviði,

þar sem á þekkingunni þurfti mest að halda, ef sjálfstæði landsins átti ekki á stuttum tíma að vera hætta búin, á fjármálasviðinu, hefir reynslan orðið sú, að tæplega verður sagt, að þeir menn og þær stofnanir, sem hafa umráð yfir fjármálapólitík vorri, hafi náð nokkrum árangri sem teljandi sje í því að bæta úr fjárhag landsins eða að koma í veg fyrir hrun peningamála vorra. Það skyldi engan undra, þó að erlendar þjóðir á þessum árum oft og einnatt hafi litið á okkur eins og gjaldþrota þjóð og þó veit hver maður, að þegar rjett er litið á hjer heima fyrir, þá getur að minsta kosti enn sem komið er ekki verið um slíkt að ræða. En hið frámunalega þekkingarleysi vort og skeytingarleysi á öllu því, er snertir það, að koma peninga- og bankamálum vorum í gott horf meðan tími var til, hlaut að hafa það í för með sjer, að hagur landsins var dæmdur svo harðlega erlendis. Ef framsýnir menn hefðu tekið í taumana í tíma og ef þjóðin hefði haft svo mikinn skapandi kraft, að hún hefði byrjað að safna vel í sarpinn og koma góðu lagi á peningastofnanir sínar, áður en hún byrjaði á sjálfstæðum búskap, þá hefði fjárþröng sú, sem vjer nú eigum við að búa, aldrei komið eins hart niður á okkur sem raun hefir orðið á. Sannleikurinn er sá, að frelsisviljinn var aldrei nógu sterkur og þekkingin of lítil. Okkur vantaði vilja. Við kunnum ekki að hugsa og vorum slælegir í því að reikna. Það var því ekki að undra, að það væri litið fyrir hendi, þegar til framkvæmdanna kom og ekki nema eðlilegt, að það sem kom til framkvæmda ekki kæmi að tilætludum notum.

Það er auðvelt að setja upp pólitískar stefnuskrár, en það er erfitt að setja þær svo fram, að þær aðeins láti í ljósi veruatríði með stöðugu gildi og ekki kasti þeim á glæ fyrir einhver persónuleg áhugamál, eða stjórnmálakreddur, sem í það og það skiftið eru efstar á baugi í stjórnmálum landsmanna og sem meir vegna kringumstæðanna eða nýungarinnar en vegna ágætis síns geta gefið vonir um að laða atkvæðin að flokknum. Það er

oftast svo, að einstök mál, sem jafnvel, þótt þau sjeu stórmál, aðeins eru liðin í stærra pólitísku kerfi, eru látin ráða flokkaskiftingum um stundarsakir. Slíkar stjórnmálastefnur, sem rígbinda sig á eina hliðina, eru einnatt kreddukenningar. Það kemur einnatt í ljós fyr en mann varir, að allar stefnurnar, ef þær á annað borð hafa einhvern heilbrigðan kjarna, hafa sitt gildi og þær með sinn tilverurjett. Það er einkennilegt að veita því eftirtekt, að stjórnmálaflokkar með þjóð, sem svo lengi og svo ákaft barðist fyrir fullveldi sínu og frelsi, ekki grundvölluðu stefnuskrár sínar á frelsi, þegar þeir loksins voru búnir að búa svo um hnútana, að ekkert erlent vald gat blandað sjer lengur inn í starfsemi þjóðarinnar. Líklega hefir þeim þótt þetta »of einfalt«, en það er síður en að svo sje, því í þessum einföldu orðum »íslenskt frelsi« felst alt markmið þjóðarinnar á komandi tímum. Það hefði því verið full ástæða til að gera þessa hugsjón að merki því, sem öll íslenska þjóðin fylkti sjer undir. Þá hefði ekki verið hægt að bera þjóðmálaskörungum vorum það á brýn, sem nú er fyllilega rjettmætt, að þeir ekki hafi vitad, hvað þeir ætluðu sjer. Ef þeir hefðu gert sjer grein fyrir því, þá hefði þjóðin ekki nú átt að lifa við slíka sundrung, persónulegar æsingar og stefnuleysi, sem raun er á. Vjer hefðum líka losnað við allan þann innflutning af útlendu stjórnmálaglingri og kátlegum byltingaanda, sem á síðari árum hefir rutt sjer til rúms meðal þjóðarinnar.

Sje það nú svo, að frelsisviljinn og þekkingin sjeu grundvallaratriðin í framþróun þjóðarinnar, þá liggur það í hlutarins eðli, að það verður að þroska hvortteggja, þar sem það kemur fram í lifandi mynd, og það gerir það í hverjum einasta fullveðja borgara. Hver einstaklingur, gæddur báðum þessum dygðum, er gullforði ríkisins. Þessvegna er það skylda ríkisins að vernda *fram-takssemi einstaklingsins* af fremsta megni. Ríkið verndar frelsið með því að gæta þess grangæfilega, að rjettinum og þarmed skyldunum sje framfylgt stranglega innan þjóðfjelagsins, þannig, að *sami rjettur gangi yfir alla. Að vernda rjettarfar landsins bæði í löggjöf og dóm-*

gæslu er fyrsta skylda ríkisins. Það má virðast einkennilegt, að slíkt sje tekið fram, en margt virðist benda á, að þess sje full nauðsyn. Engin þekking fæst án *aga*. Það er óþarfi að fara mörgum orðum um það, að agi sá, sem vjer hugsum um, á ekkert skylt við *harðstjórnaraga* eða *þrælsaga*. Í sjálfu frelsishugtakinu liggur aginn innifalinn. Hver maður, verður ef svo mætti að orði komast, að *aga* sig til frelsis. Sjálfsagi er sjálfsstjórn, og gamalt orðtæki segir: »Sá sem ekki kann að hlýða, kann heldur ekki að stjórna.« Að skortur á *aga* í sambandi við þekkingarleysi og misskilning á frelsishugtakinu sje að verða þjóðarmein meðal Íslendinga, getur engum blandast hugur um, er veitir ýmsum þeim fyrirbrigðum eftirtekt, sem gerast með þjóð vorri.

Vjer snúum okkur þvínæst að ýmsum hinum þýðingarmestu málum í stjórnmalalífi þjóðarinnar til þess að líta á þau í ljósi þeirra grundvallaratriða, sem hjer hafa verið greind. Ef vjer fyrst lítum á fjármál þjóðarinnar, sem í praktiskri starfsemi hennar er megingrundvöllur alls þjóðlífsins, þá rekum vjer strax augun í marga meingalla og teljum vjer hjer nokkra, sem oss virðast hafa verulegasta þýðingu.

Pegar vjer lítum á vinnuna, sem er dýpsta undirrót allrar velmegunar í landinu, þá er það tvent, sem sjerstaklega er ábótavant: *Oss vantar vinnuaga og verklega þekkingu.*

Ef vjer lítum á verslunar- og viðskiftalíf landsins, þá er það augljóst hverjum manni, að *oss brestur tilfjinnalega viðskiftaþekkingu og verslunaraga.*

Ef vjer lítum á peningamál vor, þá er það hverjum athugandi manni augljóst, að *oss vantar haganlegt fyrirkomulag á peningastofnunum vorum, sem lagað sje eftir landsháttum og framleiðsluskilyrðum og sem sje til þess fallið að greiða úr lánsþörfum innan aðal atvinnuvega þjóðarinnar á haganlegau hátt um leið og það tryggir verðmæti íslenskra peninga gagnvart útlöndum.*

Oss vantar stofnun, sem hafi með höndum að rannsaka og fylgjast með í möguleikum fyrir markaði á íslenskum afurðum erlendis, og sem starfi að því að undirbúa allt,

er lýtur að því að tryggja og efla markað íslenskra afurða og koma vöruskiftum við útlönd í sem haganlegast horf.

Oss vantar að fá mælikvarða fyrir sem heppilegustum hlutföllum milli vinnulauna og vinnu annarsvegjar og milli vinnulauna og framfærslukostnaðar hinsvegjar.

Oss vantar sparsemi og nýtni, bæði í opinberum rekstri og í rekstri einstakra fyrirtækja.

Oss vantar eflirlit með útflutningi frá og innflutningi til landsins, sem sje bygt á frjálsum grundvelli og án ihlutunar ríkisins.

Loks þörfum vjer aftur að endurreisa frjálssa verslun og viðskifti. En við frjálssa verslun er hjer eigi átt við, að hver Bögu-Bósi eigi að geta fengist við að reka kaupskap og framleiðslu, heldur að dugandi menn með næga þekkingu á starfsemi sinni hafi sem frjálssastar hendur til að beita kröftum sínum. Frjáls kaupmannastjett er stjett, sem studlar að því með dugnaði sínum, þekkingu sinni og framsýni, að efla hag þjóðfjelagsins, hvort sem hún gerir það í formi samvinnufelaga eða sem kaupmenn og framleiðendur með persónulegri ábyrgð. Slík stjett á skilið að fá allan þann studning, sem rikið fær veitt henni, án þess að ganga á hag annara stjetta landsins.

Vjer þurfum að fá frjálssa, lögverndaða samkepni. Með frjálsri samkepni hugsum vjer á engan hátt um það afskræmi »frjálsrar« samkepni, sem hingað til hefir ráðið að mestu hjer á landi. Slíkri frjálsri samkepni hefir í úmræðum manna oft mátt líkja við brauðnið og oftast hefir hún í reyndinni ekki verið annað en vanhugsaðar og skammsýnar tilraunir einstakra miður hæfra kaupsýslumanna og framleiðenda til að velta steininum í götu hvers annars og með sundrung og samtakaleysi að skerða hinn verulega þjóðhagslega árangur af verslun landsins og viðskiftum. Ef kaupsýslumenn og fjelög kaupa hag sinn með tapi annara, þá eru þau óþörf, jafnvel þótt það eigi sjer stað í skjóli »frjálsrar« samkepni. En dugandi og vönduð kaupmannastjett gerir sjer fyrst og

fremst grein fyrir því, að hagnaður beggja aðila er æðsta grundvallarregla í verslun og viðskiftum. Hún veit það líka og alþjóð veit það, að frjáls samkepni milli kaupþýslumanna af því tægi er góð og nauðsynleg, því hún hindrar rotnun og dáðleysi, en örfar dug og útheimtir þekkingu, útsjón, gætni og pössunarsemi. Stjett, sem verður velmegandi af þessum ástæðum, er bústólpi eins og bóndinn, þegar hann er dugandi. *Hvort þessir kaupþýslumenn vinna á grundvelli persónulegrar ábyrgðar eða á grundvelli samábyrgðar er ríkinu gersamlega óviðkomandi. Báðir standa jafn rjettháir gagnvart ríkinu með sömu skyldum og sama rjetti. Dugnaðurinn er það, sem ræður úrslitum.*

Pegar litid er á tvær svo mikilvægar framleiðslugreinar þjóðarinnar sem landbúnað og sjávarútveg, þá geta tæplega hugsast skammsýnni pólitískar stefnur en þær, sem reyna að tefla þessum atvinnuvegum út hvorum á móti öðrum. Það er auðskilið mál, að landbúnaður og sjávarútvegur eru svo vaxnir út frá brjóstum lands vors og eru svo grundvallandi lífsskilyrði, hvor fyrir sig og báðir í senn, að það væri fávíska ein að berjast fyrir eflingu annars á kostnað hins. Hin pólitíska þungamiðja, sem leita verður að er sú, á hvern hátt best megi gæta hagsmuna beggja þessara atvinnugreina svo hvorug verði afskipt.

Það er þá sjerstaklega að taka tillit til hvers hagfræðilegs eðlis þessar atvinnugreinar eru hver fyrir sig og til þess þroskastigs, sem þær báðar standa nú á. Það verður tæplega um það deilt, að sjávarútvegurinn, frá hagfræðilegu sjónarmiði skoðað, á hægra með að bjarga sjer sjálfur, ef dugnaður og fyrirhyggja er fyrir hendi frá útvegsmanna hálfu, því yfirleitt eru uppgripin meiri og auk þess eru verklegar framfarir í sjávarútvegi vafalaust komnar miklu lengra nú en á sjer stað með landbúnaðinn. Íslenskt búskaparlag hefir alt til síðustu tíma ekki breyst neitt verulega, og það er nú fyrst á síðustu árum, að votti fyrir verulegri nýbreytni í landbúnaði vorum. Alt virðist því benda á, að á komandi tímum

þurfi landbúnaðurinn að halda á stuðningi og skilningi frá ríkisins hálfu, og sjerstaklega virðist þörf til kominn að skapa haganlegt kerfi til þess að greiða úr lánsþörfum bænda til umbóta og nýræktunar á landi, því alt bendir í þá átt, að framtíðarbúskapur Íslendinga verði að byggjast á ræktuðu landi.

Um önnur atvinnumál er það að segja, að ríkið verður að keppa að því að ná betri tókum á hagnýtingu á eðlilegum auðsuppsprettum landsins þannig, að vinnulýður hafi, eftir því sem unt er, tækifæri til að vinna allan ársins hring. Þó að gæta verði allrar varkárni við stofnun stærri iðnaðarfyrirtækja í landinu, og sjerstaklega verði að sjá fyrst fyrir verulega hæfum og duglegum mönnum til að standa fyrir slíkum fyrirtækjum, þá virðist svo sem auka mætti á mjög verulegan hátt innlendan iðnað til nýtingar hinna margvíslegu tegunda á hrávöru, sem framleidd er í landinu. Annars eru þessi mál svo ný á baugi með þjóð vorri, að ástæða er til að taka þau til nákvæmrar og gagngerðrar rannsóknar áður en ráðist er til framkvæmda í stærri stíl. Slíkt hið sama má og segja um notkun vatnsaflsins. Á meðan um það er að ræða að nota aflid til innanlands þarfa, þá getur ekki komið fram neinn verulegur meiningamunur, þótt það verði að skoðast æskilegt, að aukin fagþekking ráði meiru um ákvarðanir og framkvæmdir á þessu sviði en hingað til hefir átt sjer stað Aftur á móti verður það að teljast mjög varhugavert að sleppa þessum orkulindum í hendur erlends auðvalds; það er því varhugaverðara sem þetta mál ekki aðeins hefir fjárhagslega hlið, heldur og pólitíska hlið, sem tæplega nokkur núlifandi Íslendingur er fær um að gera sjer fulla grein fyrir. Loks er það alveg óvíst, hverja fjárhagslega blessun það mundi hafa í för með sjer fyrir landslýð, að orkulindir vorar kæmust undir afnot erlendra þjóða. Að minsta kosti verða öll þau mál að rannsakast út í æsar áður en nokkrar viðtækar ákvarðanir eru teknar.

Slíkt hið sama má segja um samgöngumál vor. Aðal gallinn á samgöngumálapólitik vorri hefir stöðugt verið

sá, að verulegir fagmenn, með ekki einungis innlendri heldur og erlendri reynslu, hafa ekki verið látnir rannsaka og leggja fram samanhagandi kerfi yfir hina haganlegustu starfsemi ríkisins á þessu sviði, miðað við efnahag landsins og með sem mestu samræmi í samgöngum til lands og sjávar. Engum getur dulist það, að á síðari árum hefir samgöngum um allt land, nema ef undanskilin yrði Reykjavík, hrakað stórlega og eru þær sem stendur í mörgum landshlutum, blátt áfram óviðunandi. Þegar þar við bætist óþarflega dýr ferða- og flutningsgjöld, skortur á þrifnaði á skipum og ýmsir aðrir annmarkar, þá er sannarleg nauðsyn á að krafist sje, að tekið sje meira tillit til þarfa landsbúa í þessum efnum, sem eru svo mikilsverð fyrir velmegun þjóðarinnar.

Íslenska þjóðin á að vera dugleg þjóð og hún verður að leggja mikið í sölurnar fyrir uppeldi barna sinna. Uppeldi er annað og meira en það að veita unglíngum þekkingu í einstöku námsgreinum. Alt uppeldi byggist á aga og takmark þess er í rauninni altaf sjálfsaginn, sjálfsstjórnin, frelsið. Á síðari áratugum hafa átt sjer stað miklar byltingar í uppeldismálum, skólumálum og mentamálum vorum, en allar hafa þær átt sammerkt í því að bera vott um stefnuleysi og grunnan skilning á aðal atvöldum kenslumála vorra. Það er bersýnilegt, að eins og nú er ástatt er glundroði og lausung ríkjandi á þessum sviðum og það leikur enginn vafi á því, að vjer erum enn fjarri því að hafa fundið það skóla- og kenslukerfi sem haganlegast sje til að beina kröftum æskulýðs vors inn í þá farvegi, þar sem þeir koma þeim sjálfum að sem bestum notum. Virðingin fyrir þekkingunni, fyrir mentuninni og þar með fyrir menningu landsins, fer óðum þverrandi. Stjórnmalaprasið, þar sem það er orðin regla að misþjóða rjettri hugsun og sönnu máli svo heilbrigt hugsandi mönnum ofbýður, á ekki lítinn þátt í því að efla það andlega ósjálfstæði og siðleysi, sem nú hreykir sjer svo hátt í landinu. Það gengur jafnvel svo langt, að virðingin fyrir stærstu siðferðislegu lög- málum og hugtökum er engin. Það er að verða skamm-

aryrði hjer á Íslandi að vera það, sem kallað er »idealisti«. Það er það auðvitað aðeins hjá þeim — en þeir eru því miður langflestir, sem ekki geta eða hafa gert sjer grein fyrir því, hvað í því orði felst. Ísland þarf aftur hugsjónir, ef komandi kynslóðir vilja ganga leiðina til frelsis, og það þarf að halda þeim hugsjónum hreinum. Þær hugsjónir á að glæða í skólum landsins svo að hver uppvaðandi kynslóð sje fær um að gæta þess arfs, sem henni er fenginn í hendur. Sú þekking sem að gagni kemur, er einmitt sú, sem gerir unglínginn best hæfann fyrir starfsemi sína í lífinu af hvaða tægi sem hún er, en fyrir hærri og lægri er aginn stöðugt hinn sami, því það er hann, sem breytir þekkingunni í mentun. Enginn vafi er á því, að með því fje, sem landið nú ver til kenslumála, mætti ná miklu meiri árangri, ef kenslumálum vorum yrði komið í rjett horf og ef markmið kenslu, og skólastarfa væri landsstjórninni ljósara. Það eru svo margir annmarkar á fyrirkomulaginu eins og það nú er, að alt virðist benda á, að nauðsynlegt sje að leggja nýtt samfelt kerfi til grundvallar í þeim málum.

Þegar lítið er á kirkjumál landsins, sem hjer má ekki blanda saman við trúmál í rýmri skilningi orðsins, þá er hnignunin hjer orðin svo áberandi, að það gengur vanvirðu næst. — Kirkjumálin snerta, hvernig sem á þau er lítið, frelsismál landsins bæði sem trúmál og sem þjóðfélagsleg starfsemi. Hin mesta afturför í starfsemi kirkjunnar hjer á landi liggur einmitt í því, að lúterska kirkjan hjer eins og í mörgum öðrum löndum hefir gleymt og vanrækt það nána samhengi, sem einmitt þessi kirkja eftir uppruna sínum og eðli hefir staðið í við andlegt frelsi í hugsjónum og starfsemi. Þau tímamót, sem lúterska kirkjan skapaði í sögu Evrópuþjóða, áttu sínar dýpstu rætur í kröfunni um andlegt frelsi og innan þessarar kirkju greri því stöðugt heilbrigt trúarlíf og djúpsæ frelsis tilfinning samtímis, en með hnignun trúarlífsins fylgdi einnig hnignun í frelsisviljanum. Lúterska kirkjan var einatt verndari frjálsrar þekkingar og menta. Hún lagði aðal áhersluna á siðspekiskenningu kristinnar, en

ljét sig minna skifta kenningar um undur eða trúarlegar kreddur. Sem þjóðkirkja hafði hún áhrif á skólalíf og uppeldi á frjálsum grundvelli og á meðan hún var heilbrigð, var krafan til prestastjettarinnar sú, að hún yrði að hafa vald á mentum síns tíma og að prestarnir yrðu að geta gengið í broddi sem kennimenn í trú og siðgæði. Það er alt annað sem orðið hefir uppi á teningnum á síðustu 30 árum. Það er enginn vafi á því, að ýmsar ytri orsakir í framþróunarlífi þjóðarinnar hafa á margan hátt orðið þess valdandi, að trúarlífinu hnignaði, en samfara því hefir líka farið hin mesta hnignun í úrvali og þekkingu kennimannanna og í skipulagi kirkjunnar og kirkjulegra þjóðmála. Það hefir komið í ljós, að prestarnir og kirkjumálastjórnin hafa aldrei gert sjer ljóslega grein fyrir, hvað verksvið kirkjunnar væri stórt og þýðingarmikið fyrir viðgang þjóðfélagsins og hvernig þeir kraftar yrðu best valdir og notaðir, sem standa í þjónustu ríkisins til þess að glæða trúarlíf, til þess að hafa gát á uppeldi og mentun alþýðunnar og til þess að örfa siðgæði og frjálstan starfsvilja safnaðanna. Hjer er eingöngu rætt um kirkjumálin á grundvelli þjóðkirkjunnar og þess samhengis, sem hún stendur í við andlegt frelsi yfirleitt. Deilan um þjóðkirkju og frikirkju felur í sjer þann pólitíska kjarna, hvort fyrirkomulagið sje heppilegra til þess að efla frelsisvilja þjóðarinnar, því að í því felst hin þjóðmálalega þýðing kirkjunnar sem þjóðstofnunar. — Skoði maður þessi deiluatríði frá pólitísku sjónarmiði, þá kemur brátt í ljós, að starfssvið frikirkju hlýtur einatt að verða miklu takmarkaðra með því að ríkið getur ekki veitt frikirkjuprestum vald til þess að hafa þau áhrif á uppeldi og skólamál og jafnvel ekki á siðferðislegt uppeldi alþýðunnar, sem það á að geta lagt í hendur þjóðkirkjuprestanna. Í fyrsta lagi hefir ríkið enga umsjón með eða ábyrgð á mentun þeirra presta, sem starfa fyrir frikirkju, í öðru lagi getur ríkið með svokölluðu frikirkjufyrirkomulagi alls ekki haft áhrif á, hvaða tegundir af trúarkreddum verði lagðar til grundvallar fyrir kenningum prestanna, og eins og reynslan

sýnir og eðlilegt er, hefir hin svonefnda frikirkja einatt í för með sjer myndun sjertrúarflokka. Hver postulinn öðrum minni rís upp og sjerhver þeirra þykist vera hinn eini rjettrúaði. Ef til vill getur þetta vakið einhverja tegund af »trúarlífi« hjá ósjálfstæðum og leitandi sálum, en það trúarlíf er því að eins heilbriggt, að það um leið göfgi frelsistilfinningu hins trúaða. Við nánari athugun kemur það í ljós, að frikirkja er enganveginn sama og frjáls kirkja. Frikirkja er, frá pólitísku sjónarmiði skoðað, ekkert annað en stjórnleysi innan kirkjunnar, enda eru það aðalrök áhangenda aðskilnaðar ríkis og kirkju — þegar þeir eru ekki hreinir trúleysingjar — að ríkið eigi ekki að hafa nein afskifti af trú- og kirkjumálum þjóðarinnar.

Loks er það eitt svið í menningarlífi þjóðarinnar, sem þjóðmálamenn vorir hafa hingað til látið afskiftalaust, en sem engin sannarlega frjálslynd þjóðmálastefna getur gengið athugalaust framhjá. Vilji íslenska þjóðin halda uppi heiðri sínum og eiga það skilið, að hún njóti virðingar annara þjóða, þá er einungis ein leið opin til þess að verða þess aðnjótandi og hún er sú, að þjóðin, hvað gæði og mannkosti einstaklinganna snertir, keppi að því að veða það upp, sem fátæktin og fámennið heldur oss frá að ná af menningargæðum. Gæði og mannkostir einstaklinganna koma aftur á móti því aðeins að gagni, að þessir kraftar sjeu sameinaðir þannig, að þeir sem heild eða heildir geti starfað að því að skapa grundvöllinn til þess, að þjóðfélagið geti orðið sem flestra verulega heilbrigðra og göfgandi menningargæða aðnjótandi. Vjer höfum ekki efni á því að láta tilviljun eina vera ráðandi um slík frjáls samtök, enda verða engin slík samtök, ef sá rjetti andi og skilningur er ekki fyrir hendi. Þessvegna er nauðsyn á að koma skipulagi á þá starfsemi innan þjóðfélagsins, sem á hliðstæður í öllum menningarlöndum og sem best má auðkenna með nafninu *frjálst menningarfélag*. Hjer á landi hefir *frjálst íslenskt menningarfélag* meira og nauðsynlegra starf að vinna en á nokkru öðru landi og það af þeirri einföldu

ástæðu, að íslenska þjóðin hefir enga möguleika til þess að veita sjer á annan hátt ýmsar þær menningarstofnanir, sem eru til mentunar, gleði og prýði, sem láta í ljósi menningarstolt landsins og sem gefa oss rjett til þess að njóta virðingar annara þjóða. Ein af þeim stofnunum sem slíkt frjálst íslenskt menningarfjelag ætti auðvelt með að koma á fót, er íslenskt þjóðleikhús, sem reist væri af frjálsum menningarvilja landsmanna og byggt yrði sem veglegur minnisvarði tungu vorrar og þjóðernis. En svo eru þau mál mörg önnur innan vísinda og lista, sem eðlilegast er, að njóti stuðnings og viðgangs með tilstilli frjálsra samtaka og fjelagsskapar. Auðvitað kostar slíkur fjelagsskapur sjálfsafneitun og dugnað, en tilfinnanleg fjárútlát þarf hann ekki að hafa í för með sjer, ef fyrirkomulagið er rjett. —

Utanríkismálin eru ný í pólitísku lífi þjóðarinnar að minsta kosti eins og þeim nú hagar. Eftir eðli þeirra mála má þar greina tvær hliðar, aðra fjárhagslega, hina menningarlega. Hvað fjárhagslegu hliðina snertir, þá verður hver frjálslýnd stefnuskrá að aðhyllast þann grundvöll, sem á sem bestan hátt tryggir okkur *frjálsa verslun og viðskifti við önnur lönd*. Hvað hina menningarlegu hlið snertir, þá skapast meginreglan þar af hinni menningarlegu afstöðu okkar. Vjer verðum í aðalatriðum að halla okkur að þeim menningarlöndum, sem eru oss nákomnust og skyldust og sem gefa oss besta vissu fyrir *eðlilegum og samfeldum viðgangi þjóðmenningar vorrar*. Þessi lönd eru fyrst og fremst Norðurlönd öll og svo aðrar Norðurevrópþjóðir.

Pegar maður á þessum grundvelli lítur aftur á stjórnar-farið í landinu, þá hlýtur hverjum að vera það ljóst, hversu ábótavant því er. Alt skipulag *stjórnvaldsins* í landinu er í fyrsta lagi *þunglamalegt* og það er einkenni alls þess stjórnarfars, sem er á bernskuskeiði. Dugleg stjórnarvöld fara stuttar, greiðar og glöggar leiðir. Þau gera sjer far um að ryðja úr vegi allri óþarfa skriffinsku og vafningum. Vjer höfum á síðari árum unnið ötullega að því að auka og efla hvorttveggja, en í skjóli slíkra

fyrirbrigða þrífst allskyns óhroði og ef ekki er tekið í taumana á því sviði, má búast við illum afleiðingum fyrir þjóðfjelagsheildina. Því næst skortir mjög mikið á, að starfsemi stjórnarvalda vorra sje nægilega *opinber*. Pukur og launungarmál eru að verða dagleg fyrirbrigði í stjórnarfari voru. Þetta þarf ekki að vera sjálfri landsstjórninni að kenna, heldur liggur það í sjálfu stjórnarfarinu, þar sem þingið oft og einatt felur stjórninni meðferð ýmsra mikilsverðra mála t. d. á fjármálasviðinu, sem svo enginn fær að vita neitt greinilegt um fyr en eftir dúk og disk. Ennfremur skortir stjórnarvaldið tilfinnanlega *sjerþekkingu* á hinum ýmsu sviðum landsmálanna. Loksins skortir stjórnarvaldið *frjálsa framtakssemi* í því, er snertir landsmál, og útsjón á því, er viðkemur verulegum þjóðþrífum.

Gott skipulag stjórnarvaldsins er grundvöllur stjórnlegrar starfsemi. Það er tæplega vafi á því, að með verulega góðu skipulagi mætti gera stjórn landsins mun ódýrari en nú á sjer stað og þó ná betri árangri. Því heppilegra sem formið er á því verkfæri, sem unnið er með, því betur lagar það sig eftir þörfunum í það og það skiftið og því minni mótstaða er við rekstur vinnunnar.

Í þingi voru rekum vjer oss á alla þá sömu vankanta, sem hjer hafa verið taldir að framan. En þar við bætast ýmsir aðrir brestir og lestir, sem nauðsyn er að ráðin sje bót á hið fyrsta. Það verður að vera hreinlæti í öllu starfi Alþingis. Það verða að vera menn á Alþingi, sem meti sinn eiginn persónulega heiður mikils og sem þessvegna meti annara heiður mikils. Þingið þarf aftur að alla sjer virðingar, en það getur það ekki nema það eigi virðingu skilið. Það er ekki einungis í ræðum þingmanna, að vjer rekum oss á heimsku, orðaglamur og jafnvel stráksskap, heldur breiðist stöðugt meir og meir út ábyrgðarleysi og kæruleysi gagnvart þingstörfunum meðal þingmanna. Það er þá ekki nema eðlilegt, að slíkir þingmenn komi líka illa undirbúnir undir starfsemi sína á þingið. Þeir menn mega missa sig af þingi, sem ekki eiga það skilið að skipa æðri bekk með þjóðinni.

Ekki er íslensku þjóðræði síður ábótavant. Margar eru þær orsakir, sem leitt hafa til þess, að landslýður nú er svo fávís og þekkingarlaus í öllum þeim efnum, er snerta þjóðmál og stjórnsmál. Slæmar samgöngur á sjó og landi hafa einatt verið farartálmi allra andlegra vakninga meðal landsbúa.

Blöðin hafa einatt átt og eiga stöðugt erfitt uppdráttar. Jafnframt því verða stjórnsmál vor stöðugt margbreytilegri, flóknari og erfiðari viðfangs svo ekki er hægt að ætlast til þess, að almenningur geti gert sjer grein fyrir þeim, nema hann fái skírar og greinilegar upplýsingar um þau mál, sem eru efst á baugi stjórnsmálanna á hverjum tíma.

Kosningarjetturinn hefir nú náð því takmarki niður á við, að tæplega verður hægt að heimta svo mikinn þroska í yngra flokki kjósenda, að þeir af sjálfsdáðum sjeu færir um að gera sjer ljósa grein fyrir málunum. En sjálfstæð dómgreind er fyrsta krafa, sem ríkið á að gera til kjósenda. Þetta eru alt meir eða minna *edlilegar* orsakir vanþekkingar þjóðarinnar á landsmálum, en þar við bætast sjálfskaparviti vor, stór og ófyrirgefneleg.

Blöðum vorum hrakar stöðugt og þau skeyta lítið um að fullnægja því starfi, sem þó skapar allan tilverurjett þeirra. Þar sem öllu er snúið öfugt er erfitt að átta sig, þar sem stefnuleysi og vankunnátta ræður lögum og lofum er það ennþá erfiðara. Bláðamenn vorir eru ekki starfi sínu vaxnir, hvað þekkingu og skyldurækni snertir. Blöð vor eru ekki byggð á þeim grundvelli, að þau geti gefið von um, hvað þá vissu fyrir, að þau sjeu forverðir frjálsrar hugsunar og rjetts máls. Þessi tvö grundvallaratriði: blöð með víðum sjónhring, byggð á frjálsum vilja landsmanna og rjettmætri kröfu þeirra um að fá sem skírastar og bestar upplýsingar um landsmál, og hin: duglegir og samviskusamir blaðamenn, sem ekki eru bundnir neinum höftum eða böndum og sem einungis hafa þá starfsemi með höndum af bestu sannfæringu og með sem bestum sönnunum að skýra, virða og víta stjórnsmálstarfsemina í hvaða höndum sem hún er, sem

með framsýni og gætni rannsaka og leiða athygli manna að nýjum leiðum og línun í framtíðarstarfi þjóðarinnar, þetta er það eina, sem getur gefið landslýð möguleika til að njóta þjóðræðisins á sem fullkomnastan hátt. — Blöðin þurfa að verða fjárhagslega sjálfstæð. Blöð, sem eru í höndum einstakra »klíkna« og lifa af þeirra náð, eru þjóðinni ekki einungis fánýt, heldur beinlínis skaðleg.

Andlegt frelsi er grundvöllur alls frelsis, og sje það svo, að þjóðin þekki sinn vitjunartíma, þá verður hún líka að gera sjer grein fyrir því, að hjer er að ræða um einn aðal hyrningarstein bæði fyrir andlegri og stjórnsmálalegri nýmyndun í landinu. Reyndar kemur þar líka ýmislegt annað til greina, því ekki einungis í riti, heldur og í ræðu má vekja landsmenn til athugunar á velferðarmálum þeirra. Gott og samfelt skipulag af því tægi, þar sem yngri menn og eldri gætu fengið upplýsingar um stjórnsmál landsins af vörum góðra leiðtoga, væri hjer einnig mikilsvirði. Það er og mál, sem vert er að athuga, hvort ekki lýðháskólar vorir og ef til vill aðrir skólar mættu koma að gagni til ríkisborgarlegs uppeldis æskunnar. Öll þessi mál hafa hina mestu þýðingu fyrir framþróun þjóðarinnar til frelsis eins og þetta hugtak er skýrt hjer að framan. Það er, eins og auðsætt er, ekkert einstakt mál, sem sannarlega frjálslyndir borgarar geta tekið einkarjett á og gert að grundvallaratriði í sinni stefnu, heldur er það alt kerfi þjóðmálanna samstílt og sundurgreint í samræmi við þessa dýpstu og göfugustu hvöt mannsandans. Sjálft er frelsið formhugtak og þó lifandi, sem eins og gullskál lykurlur um öll þau ýmsu málefni, stór og smá, er þjóðin berst fyrir, hugsar um og hefir áhyggjur af á hinni líðandi stund — Þessum málum má raða niður á ýmsan hátt hvenær sem er, eitt er tímabært áhugamál í dag, annað á morgun; en sá, sem grípur auknablikið, er rjetti maðurinn og svo er og um þjóðina. Það sem stöðugt liggur bak við öll áhugamálin er frelsisviljinn og það helgar hann í hjarta hvers manns.

Hjer að framan hefir að eins verið stiklað á steinum til þess að benda á hin helstu grundvallaratriði frjálslyndrar

stefnuskrár. — Vjer miðum þar við hugtak hins skapandi frelsis, því það er ekki nóg að setja stimpilinn: »frjálslyndur« á andlega stefnu, hvort hún er stjórn mála-stefna eða annað, maður verður fyrst að gera sjer grein fyrir því að hvaða frelsi sje stefnt, og hjer er hugsað um *frelsið sem vald mannsandans yfir náttúrunni, hinni ytri og manns sjálfs*. Það er ekki nema eðlilegt, að slíkt frelsi, næst eftir einstaklingum, fái sitt eðlilega starfssvið innan *þjóðarinnar*. Eins og einstaklingurinn getur fullkomnað sig í áttina til frelsisins, á sama hátt getur þjóðin það.

Sá stjórn mála flokkur, sem letrar slíka hugsjón á fána sinn, á í raun og veru skilið að heita: Frjálslyndi flokkurinn; en hugsjónin er aðeins leiðarstjarna. Alt starfið fer fram í þjóðfelaginu eins og það er og það dugar ekki að kippa sjer upp við þó að margir erfiðleikar mæti manni í baráttunni um að ná því takmarki, sem flokkurinn berst fyrir, að geta starfað skapandi að viðreisn og eflingu lands og lýðs.

Slíkur flokkur, fyrst myndaður af fáum völdum mönnum í bæjum og hjeruðum landsins, þarf að hafa það hugfast, að engu verður ágengt nema hugur fylgi máli. Auðvitað þarf hann að skapa sjer málgögn, sem geti fylgt fram stefnuskrá sinni og rætt þau einstöku mál, sem flokkurinn berst fyrir þá og þá, og hann þarf að koma skipulagi á starfsemi sína út um landið. Það skiftir minstu, hvort slíkur flokkur starfar sem minnihluta flokkur lengur eða skemur, *ef hann aðeins heldur merki sínu hátt og berst með drenglyndi, dugnaði og ósjerplægni fyrir því að bæta lífskjör landsmanna og efla andlegan þrótt þjóðarinnar*.

